

**Sp. 63. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]**

um athuganir og framkvæmdir til samgöngubóta á Fjallabaksleið hinni nyrðri.

Flm.: Ragnar Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta ári undirbúa og hefja framkvæmdir til vegabóta og brúargerða á Fjallabaksleið hinni nyrðri.

**Greinargerð.**

Fjallabaksleið hin nyrðri hefur af mörgum verið talin ein fegursta öræfaleið á Íslandi. Er hún, sem kunnugt er, farin af miklum fjölda skemmtiferðafólks á ári hverju. Straumur innlendra og erlendra ferðamanna til hinna fögru staða, sem að Fjallabaksleið liggja, vex stöðugt. Þarna hefur vegur verið ruddur, og er hann lagfærður lítilega ár hvert. Er leiðin því nokkurn veginn greiðfær um sumartímann öllum bifreiðum með tvöföldu drifi.

En vegurinn að Fjallabaki þarf að verða meira en skemmtiferðaleið. Þarna var um aldir aðalsamgönguleiðin milli Rangárvallasýslu og austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu, og þannig var það allt fram á fyrstu áratugi þessarar aldar. Breyttist þetta fyrst, er vatnsföll sunnan fjalla voru brúuð og vegir lagðir þar.

Með tillögu þessari er til þess ætlað, að þær umbætur verði gerðar á umræddri leið, að hún verði vel nothæf fyrir þyngri flutningstæki í neyðartilfellum, ef vegurinn vestur yfir Mýrdalssand skyldi lokast um tíma vegna náttúruhamfara. En það hefur oft gerzt.

Eins og búskap er nú háttáð víðast hvar á landi hér, er öll afkoma fólksins háð því, að samgöngur geti verið greiðar. Komi truflanir þar á, veldur það miklum óþægindum og jafnvel stórtjóni.

Verði Fjallabaksleiðin lagfærð þannig, að hún þoli þungaflutninga um takmarkaðan tíma, getur hún án efa forðað frá vandræðum. Er því mikils um vert fyrir það fólk í Vestur-Skaftafellssýslu, sem á heima fyrir austan Mýrdalssand, að fljótlega verði hafizt handa um framkvæmdir á umræddri leið, m. a. með því að byggja brýr á Jökulkvísl nálægt Landmannalaugum og Ófæru á Skaftártunguafreitti. En báðar eru þessar brýr litlar.